

## Sveitarstjóri Dalir

---

**From:** Sveitarstjóri Dalir  
**Sent:** mánudagur, 26. mars 2018 15:54  
**To:** Ólafur Kr. Hjörleifsson  
**Subject:** RE: RE: Laugar í Sælingsdal  
**Attachments:** Vatnsréttindi.pdf

Sæll  
Vatnsveita Dalabyggðar, þ.e. vatnsréttindi í Sælingsdalstungulandi, borholur og lagnir er undanskilin við söluna sem og 30 ha svæði umhverfis vatnsbólín. Þetta hefur legið fyrir í fyrirvörum sveitarstjórnar í samskipum milli sveitarstjórnar og bjóðanda.  
Þetta land er með fastanúmer 233-6318 . Við erum að stækka landið úr 1-5 ha eins og stendur í meðfylgjandi samningi í 30 ha.

mbk  
Sveinn

**From:** Ólafur Kr. Hjörleifsson <olafur.hjorleifsson@srn.is>  
**Sent:** 26. mars 2018 13:59  
**To:** Sveitarstjóri Dalir <sveitarstjori@dalir.is>  
**Subject:** Re: RE: Laugar í Sælingsdal

Tilvísun í mál: SRN18020028

Sæll og takk fyrir skjót svör. Í kvörtun kemur m.a. eftirfarandi fram:

*Sveitarfélagið þarf að halda eftir nægjanlega stóru landi umhverfis vatnsbólið á Svinadal. Einnig þarf að tryggja það að lögnin frá vatnsbólínu sé eign sveitarfélagsins og að hægt verði að endurnýja hana eins og þarf. Landið umhverfis vatnsbólið þarf að afmarka áður en Sælingsdalstunga verður seld.*

Þetta er ekki ávarpað í þeim gögnum sem borist hafa frá sveitarfélaginu. Getur þú bætt þar úr?

Kv. Ólafur Hj.



Ólafur Kr. Hjörleifsson, lögfræðingur / Legal Advisor  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government  
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími/Tel: +(354) 545 8200  
[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Frá: "Sveitarstjóri Dalir" <[sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)>  
Dags: 26.03.2018 11:32:17  
Til: "Ólafur Kr. Hjörleifsson" <[olafur.hjorleifsson@srn.is](mailto:olafur.hjorleifsson@srn.is)>  
Efni: RE: Laugar í Sælingsdal

---

Sæll Ólafur.

Kauptilboðið lá fyrir á fundinum þann 16. janúar og hafði verið kynnt sveitarstjórnarfulltrúum fyrir jóla.

Endanlegir kaupsamningar liggja ekki enn fyrir en efni þeirra á að vera í fullu samræmi við tilboðið m.a. um tilhögun á greiðslu kaupverðs.

Það verður skrifað undir með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Sendi hér með samskipti mín við sveitarstjórnarfulltrúa eftir að síðasta tilboðið kom fram.

mbk

Sveinn

**From:** Ólafur Kr. Hjörleifsson <[olafur.hjorleifsson@srn.is](mailto:olafur.hjorleifsson@srn.is)>

**Sent:** 26. mars 2018 10:57

**To:** Sveitarstjóri Dalir <[sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)>

**Subject:** Re: Laugar í Sælingsdal

Tilvísun í mál: SRN18020028

Sæll Sveinn

Í fundargerð 157. fundar sveitarstjórnar 16. janúar sl., sem finna má á vef sveitarfélagsins, kemur m.a. fram:

Óformlegt samkomulag hefur náðst um tilboðið með nokkrum fyrirvörum.

Tilboðið sundurliðast þannig:

Húseignir að Laugum með lóðarréttindum kr. 340.000.000

Jörðin Laugar (50%) ásamt sumarhúsalóðum kr.20.000.000

Skólalóð, jarðhitaréttindi og hitaveita kr. 45.000.000

Sælingsdalstunga án vatnsréttinda kr. 55.000.000

Tilboðsupphæð samtals kr. 460.000.000

Lagt til að sveitarstjórn staðfesti fyrirliggjandi samkomulag og að sveitarstjóra og oddvita verði heimilað að undirrita kaupsamning.

Með vísan til þessa og áður en ráðuneytið tekur ákvörðun um framhald málsins er óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi:

Var umrætt kauptilboð lagt fram á framangreindum fundi sveitarstjórnar?

Er efni þeirra kaupsamninga sem til stendur að undirrita að fullu í samræmi við tilboðið, m.a. um tilhögun á greiðslu kaupverðs?

Verður af hálfu sveitarfélagsins skrifað undir kaupsamninga með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar?

Með kveðju,  
Ólafur Kr. Hjörleifsson



**Ólafur Kr. Hjörleifsson, lögfræðingur / Legal Advisor**  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of  
Transport and Local Government  
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími/Tel: +(354) 545 8200  
[Fyrirvari/Disclaimer](#)

----- Forwarded by Hermann Sæmundsson/SRN/NotesSTJR on 26.03.2018 09:52 -----

From: "Sveitarstjóri Dalir" <[sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)>  
To: "[hermann.saemundsson@srn.is](mailto:hermann.saemundsson@srn.is)" <[hermann.saemundsson@srn.is](mailto:hermann.saemundsson@srn.is)>  
Date: 26.03.2018 09:49  
Subject: Laugar í Sælingsdal

---

Sæll Hermann

Ráðuneytið sendi Dalabyggð línu 14. febrúar sl. (SRN18020028/4.13.2) vegna kvörtunar Bjarna Ásgeirssonar frá 6. febrúar 2018.

Ég svaraði bréfinu 27. febrúar.

Nú líður að undirritun kaupsamninga. Er von á niðurstöðu frá ráðuneytinu á næstu dögum?

Með kveðju,  
Sveinn Pálsson  
Sveitarstjóri Dalabyggðar  
Miðbraut 11, 370 Búðardal.  
sími: 430 4700  
netfang: [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)  
veffang: [www.dalir.is](http://www.dalir.is)

-----  
Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.  
Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.  
Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

-----